

Nr. 2023-021-S-011 Wilson Hook

Strandar í Ólafsvíkurhöfn

IMO.nr. 901743
4
Útgerð: Wilson Shipping AS
Smíðasta Serbía-Svartfjallaland 2004
ður:
Fánaríki Noregur
:
Stærð 2993 BT
:
Mesta 89.98 m
lengd:
Breid 15.2 m Dýpt: 7.11 m
d:
Vél MaK 2080 kW
:
Fjöldi 9
skipverja:



Gögn:
Gögn RNSA
Gögn LHG
Gögn Ólafsvíkurhöfn

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:


Þann 26. mars 2023 var flutningaskipið Wilson Hook að koma til hafnar í Ólafsvík. Veður: Hægviðri og sléttur sjór.

Skipið var að sigla inn í Ólafsvíkurhöfn þar sem losa átti saltfarm úr skipinu. Kl. 15:40, þegar skipið átti eftir um fjóra metra í bryggjuna, tók það niðri og stöðvaðist. Skipverjar komu upp endum en skipið losnaði einum og hálfum tíma síðar.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Upphaflega stóð til að skipið myndi losa hluta af farminum í Þorlákshöfn en það breyttist og því varð Ólafsvík fyrsta höfn skipsins.
- Á leið skipsins til Ólafsvíkur hafði skipstjóri Wilson Hook samband við umboðsmann skipsins og upplýsti um djúpristu þess.
- Samkvæmt djúpristútreikningum var djúprista skipsins 5,2 m að framan og 5,8 m að aftan.


- Skipið var búið rafrænu sjó korti (ECDIS) og sendi skipstjóri umboðsmanni skipsins mynd af kortinu en skipstjórinn hafði efasemdir um að nægjanlegt dýpi væri í höfninni.
- Umboðsmaðurinn hafði samband við hafnarvörð í Ólafsvíkurhöfn sem gaf upp að dýpi í höfninni væri sjö metrar.
- Skipstjóri Wilson Hook hafði einnig samband við hafnarvörðinn sem upplýsti að dýpið væri 6,5 til 7 metrar.
- Skipstjórinn óskaði eftir hafnsögumanni en hann var ekki í boði og skipstjóra tjáð að fylgja eftir björgunarskipinu Björgu sem myndi leiðbeina skipinu að bryggju.
- Í hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkurhöfn er ekki kveðið á um hafnsöguskyldu.
- Hafnarvörður gaf skipstjóranum fyrirmæli um að sigla skipinu nálægt hafnarkantinum og áleit að þar væri nægjanlegt dýpi.
- Samkvæmt flóðatöflu var fjara í Ólafsvík kl. 15:58, það var 18 mínútum eftir að skipið tók niðri.
- Samkvæmt sjávarstöðumæli í Ólafsvík var sjávarhæð þennan dag nálægt 70 cm yfir meðaltalsstórstraumsfjöru.
- Höfnin var mæld af Vegagerðinni 2. september 2021 (sjá mynd 1) og nýtt hafnarkort gefið út í mars 2022.




Mynd 1: Hafnarkort af Ólafsvík

- Skipstjórinn var í sinni fyrstu ferð sem skipstjóri.
- Kafað var niður að skipinu og voru sjáanlegar rispúr á málningu.
- Staðurinn þar sem skipið sat fast sést á mynd 2 og mynd 3 sýnir fjarlægð frá grynningu að hafnarkanti.

- Starfsmaður hafnarinnar, sem var í sambandi við skipstjóra Wilson Hook, var ekki skipstjórnarmenntaður.



Mynd 2: Nibba á botni hafnarinnar



Mynd 3: Fjarlægð nibbu frá hafnarkanti

Nefndarálit:

Við komu til hafnarinnar voru skipstjóra gefnar rangar upplýsingar um dýpið í höfninni. Upplýsingarnar voru ekki í samræmi við rafræn sjókort skipsins. Miðað við djúpristu skipsins hefði átt að láta skipið bíða þar til sjávarstaða hækkaði.

Mikilvæg ábending:

Nefndin telur mikilvægt að skipstjórar geti fengið leiðbeiningar byggðar á þekkingu á aðstæðum.

Tillögur í öryggisátt.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Ólafsvíkurhafnar að hún yfirfari verklag sitt við móttöku stórra skipa.

Lokaskýrsla afgreidd 12. desember af Hilmarí Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni og Jóni Finnbjörnssyni